Sþ. **432. Tillaga til þingsályktunar**

um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Keflavíkurhrepp, Njarðvíkurhrepp og Grenjaðarstaða- og Múlahverfi.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán, að upphæð allt að 1200 þús. kr., sem Keflavíkurhreppur tekur til þess að standast kostnað af innanhreppskerfi rafveitunnar, og lán, að upphæð allt að 300 þús. kr., er Njarðvíkurhreppur tekur í sama skyni, svo og lán, að upphæð allt að 100 þús. kr., er Grenjaðarstaða- og Múlahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu taka til þess að leiða rafmagn frá Laxárvirkjuninni að 12 heimilum í hverfunum.